


# Fréttabréf

## Rannsóknastofu í kvennafræðum

### við Háskóla Íslands



3. tölublað, 2. árgangur

september 1993

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum verður fjölbreytt á haustmisseri að vanda. Haldnir verða 6 rannsóknir um rannsóknir og kvennafræði þar sem kynntar verða rannsóknir innan ýmissa fræðigreina. Stofan mun einnig standa fyrir a.m.k. einum opinberum fyrirlestri á misserinu, en vonir standa til að þeir geti orðið fleiri. Ennfremur verður haldið eitt smánámskeið um fjölmiðlatækni og framkomu í fjölmiðlum. Fleiri dagskráratríði geta bæst við eftir því sem líður á misserið og verða þau auglýst síðar ef af verður.

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur fullan hug á að skipuleggja þverfaglegt nám á sviði kvennafræða og einnig að koma af stað stærri rannsóknaverkefnum. Fjárveiting til kvennarannsóknanna hefur þó því miður verið af skornum skammti og ekki gefið svigrúm til mikilla framkvæmda. Vonum við að skilningur yfirvalda háskólans á mikilvægi kvennarannsóknanna aukist verulega og að innan skamms geti þeir sem áhuga hafa stundað nám í kvennafræðum og að rannsóknir á þessu sviði eflist að sama skapi.

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir dósent í uppeldisfræði, Guðrún M. Ólafsdóttir dósent í landafræði, Helga Kress prófessor í almennri bókmenntafræði, Kirstín Flygenring hagfræðingur í viðskipta- og hagfræðideild, Kristín Björnsdóttir lektor í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands  
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

## FRAMKOMA Í SJÓNVARPI — VIÐTALSTÆKNI

Rannsóknastofa í kvennafræðum hefur ákveðið að bjóða upp á námskeið í viðtalstækni og framkomu í sjónvarpi. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að kenna þátttakendum hvernig þeir best komi máli sínu á framfæri við fjölmiðla. Höfum við fengið dr. Sigrúnu Stefánsdóttur fjölmiðlafræðing til að annast námskeiðið. Það

verður haldið í stofu 206 í Odda fimmtudaginn 30. september kl. 17 til 20. Þáttökugjald er 1000 krónur. Þáttökufjöldi er takmarkaður. Vinsamlegaskráið ykkur á námskeiðið í síma 69 45 95 eða á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum í Sumarhöll, sem er opin fyrir hádegi alla daga nema fimmtudaga.

## NÝTT TÍMARIT Í KVENNAFRÆÐUM

*The European Journal of Women's Studies* er nýtt tímarit á sviði kvennafræða sem mun hefja göngu sína næsta vor (1994). Í tímaritinu verða birtar greinar úr mismunandi fögum hug- og félagsvísinda, einkum þær greinar sem höfða til breiðs hóps lesenda. Áhersla verður lögð á feminíska teoriiu á breiðum grundvelli, evrópskar samburðarrannsóknir og þær rannsóknir sem setja Evrópu í alþjóðlegt samhengi. Frumkvæði að

stofnun þessa tímarits átti hollenska kvennarannsóknasambandið (the Dutch Women's Studies Association) og er það styrkt fjárhagslega af menntamálaráðuneytinu í Hollandi og evrópska kvennarannsóknasambandinu (The European Women's Studies Association - WISE). Útgáfu annast SAGE Publications, 6 Bonhill Street, London EC2A 4PU. Áskriftargjald fyrir einstaklinga er 15 pund á ári.

## FYRIRLESTUR UM KONUR, KARLA OG 12 SPORA HREYFINGUNA

Pia Rosenqvist félagsfræðingur heldur fyrirlestur á vegum geðdeildar Landspítalans mánudaginn 27. september kl. 13.30 í kennslustofu geðdeildar á 3ju hæð. Fyrirlesturinn nefnist „Kvinnor, män och 12-steps rörelsen.“ Í fyrirlestrinum mun Pia Rosenqvist fjalla um forsendur fyrir þátttöku kvenna í sjálfshjálparhópum eins og Al-Anon og AA. Pia Rosenqvist er fædd í Finnlandi og

félagsfræðingur að mennt. Hún er framkvæmdastjóri skrifstofu norrænu rannsóknarnefndarinnar um vímuefni (NAD) í Helsingfors. Pia Rosenqvist hefur unnið við vímuefnarannsóknir í Finnlandi og Svíþjóð og meðal viðfangsefna hennar eru rannsóknir á sænsku áfengisvarnaneftundum, konum í sjálfshjálparhópum og þróun vímuefnamedferðar.

## ALÞJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

- 24.-27. september 1993 í Danmörku. *Nordisk tverfagligt middelalders-symposium „Kvinder i kirken“* á Dragholms slot, Nordsjaelland, Danmark. Upplýsingar: Nanna Damsholt, Center for kvindeforskning, Københavns universitet, Njalsgade 106, DK-2300 København S.
- Október 1993 í Svíþjóð. *ICMI Conference on Gender and Mathematics Education*. Upplýsingar: Gila Hanna, MECA, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario, M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-923 6641. Símbref 1-416-926 4725.
- 18.-20. nóvember 1993 í Vancouver BC, Kanada. *Poverty: feminist perspectives*. Tilgangur ráðstefnunnar er að koma saman fræðimönnum og þeim sem vinna gegn fátækt í samfélaginu. Upplýsingar: Centre for Research in Women's Studies and Gender Relations, University of British Columbia, 314-2206 East Mall, Vancouver BC V6T 1Z3, Canada. Sími 1-604-8229171, símbref 8229169.
- 25.-26. október 1993 í Ósló. *Backlash in Norway*. Ráðstefna á vegum Kvennarannsóknastofu Óslóarháskóla, Jafnréttisráðs Noregs og Rannsóknaráðs Noregs. Þemu eru m.a.: daily life; body and sex; education and research; art and culture; market and advertising; working life and economy; politics and publicity. Upplýsingar: Eivy Haneborg, Secretariat for Women and Research, Sandakerveien 99, N-0483 Oslo, Norge. Sími 47-22-157012, símbref 225571.
- 29.-30. október 1993 í Stokkhólmi. Workshop um *Gender perspectives on European Integration*. Frestur til að sækja um þátttöku rennur úi 27. september. Upplýsingar: Solveig Bergman, koordinator för nordisk kvinnoforskning, Institutet för kvinnoforskning, Åbo Akademi, FIN-20500 Åbo, Finland. Sími 358-(9)21-654 813, símbref 358-(9)21-654 808.
- 5.-6. nóvember 1993 í Løten í Noregi. Fagseminaret *Kvinneliv i Sagatid*. Upplýsingar: Nancy L. Coleman, Postboks 130, 2340 Løten, Norge. Sími 065-91 600, símbref 065- 92 522.
- 25.-27. nóvember 1993 í Stokkhólmi. *Nordisk Forskningspolitisk Konferens för kvinnoforskare*. Upplýsingar: Anita Dahlberg eða Gunilla Bjerén, Centrum för kvinnoforskning vid Stockholms universitet, S-106 91 Stockholm, Sverige. Sími +46-8-790 6863.
- 6.-8. janúar 1994 í Flórída í Bandaríkjunum. *The 1994 International Conference for Women in Higher Education*. Upplýsingar: Dr. Sandra Beyer, Women's Studies Program, University of Texas at El Paso, 500 West University, El Paso, TX 79968, USA.
29. maí - 1. júní 1994 í Jerúsalem. Alþjóðleg ráðstefna: *The Family on the Threshold of the 21st Century: Trends and Implications*. Aðalefni eru Immigration and the family; Gender issues in the family; Changes in the

family life-cycle; Stress in the contemporary family; Legal, economic & historical trends affecting the family; life styles and patterns in the contemporary family. Frestur til að tilkynna þátttöku er 31. desember 1993. Upplýsingar: ISAS International Seminars, P.O.Box 574, Jerusalem 91004, Israel. Sími 972-2-868-124. Símbref 972-2-868-165. Nánari upplýsingar er einnig að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

**Mái eða júní 1994 í University of Alaska, Fairbanks, Alaska.** *Northern Women, Northern Lives.* Upplýsingar: Judith Kleinfeld, Director, Northern Studies Program, College of Liberal Arts, 601A Gruening Building, University of Alaska, Fairbanks, Alaska 99775. Sími (907) 474-5266. Þemu ráðstefnunnar verða m.a. Women in Leadership Roles; Health Issues Which Face Northern Women; The Personal Life and Family Issues of Northern Women; Environmental Concerns in the North; Work Life Issues affecting Northern Women; The Social Welfare Network for Women in Northern Countries. Umsóknareyðublöð fást einnig á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

**17.-21. júní 1994 í Cambridge MA.** *International Conference "Women, Information, and the Future: Collecting and Sharing Resources World-Wide"*. Uppástungur um efni þurfa að hafa borist fyrir 1. október næstkomandi. Upplýsingar: Women, Information, and the Future, Schlesinger Library, Radcliffe College, 10 Garden Street, Cambridge MA 02138, USA. Símbref 1-617-4968340.

**5.-9. júlí 1994 í Graz í Austurríki.** *2nd European Feminist Research Conference: Feminist Perspectives on Technology, Work and Ecology.* Upplýsingar: Inter-University Research Center for Technology, Work and Culture, Schlögelgasse 2, A-8010 Graz, Austria. Sími 43-316-813909. Símbref 43-316-810274.

**18.-23. júlí 1994 í Bielefeld.** *World Congress of Sociology.* Upplýsingar: Research Committee 32, International Sociological Association, Linda Christiansen-Ruffman, Department of Sociology, Saint Mary's University, Halifax, Nova Scotia, B3H 3C3 Canada. Símbref 902-420-5561.

**27.-31. júlí 1994 í Melbourne Ástralíu.** *6th International Feminist Book Fair.* Upplýsingar: Susan Hawthorne, Chair, Management Committee, 6th IFBF, P.O. Box 212, North Melbourne, VIC.3051, Australia. Sími 61-3-329 6088.

**1.-6. ágúst 1994 í Åbo í Finnlandi.** *Nordisk Forum 1994.* Þema ráðstefnunnar verður „Líf og vinna kvenna“. Upplýsingar: Birna Hreiðarsdóttir, skrifstofu Jafnréttisráðs, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Sími 2 74 20.

**7.-12. ágúst 1994 í Reykjavík.** *Tuttugasta ráðstefna IASS* (International Association of Scandinavian Studies) verður haldin í Reykjavík næsta sumar. Þema ráðstefnunnar verður „Bókmenntir og kynferði“. Upplýsingar: Ráðstefnur og fundir hf., Hamraborg 1-3, 200 Kópavogi.

**27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada.** Eitt af aðalefnum

heimspings sagnfræðinga í Montréal 1995 verður þemað „Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum kynferðissögu“ (hlutur kynferðis og sambands kynjanna í mikilvægustu umskiptum í sögu stjórnmála, samfélaga og trúarbragða). Women, Men and Historical Change: Case Studies in the Impact of Gender History. (The role of gender and male/female relations in major historical transformations—political, social, religious). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

**27. ágúst - 3. september í Montréal í Kanada.** *Miniconference "Women, Colonialisms, Imperialisms and Nationalisms through the Ages"*. Upplýsingar: Ruth Roach Pierson, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-9236641, símbref 9264725.

**21.-25. nóvember í Lissabon.** *The Feminine Side of the Portuguese Overseas Expansion.* Fyrirlestrar og skoðunarferðir. Skráningareyðublað fæst á Rannsóknastofu í kvennafræðum. Upplýsingar: Comissão para a Igualdade e para os Direitos das Mulheres, Av. da República, 32-1º, 1093 Lisboa Codex - Portugal. Sími 351-1-797 6081/4, símbref 351-1-793 76 91.

**4.-5. september 1995 í Beijing í Kína.** *FN:S vörldskongress för kvinnor.* Upplýsingar: UN World Conference and the NGO Forum on Women 1995, Kirchengasse 26, A-1070 Vienna, Austria. Símbref 43-1-526 1897.

#### NORA — Nordic Journal of Women's Studies

Fyrsta tölublað *Nóru*, samnorræns tímarits um kvennafræði sem gefið er út á ensku, kom út síðastliðið vor. Í því eru eftirtaldir greinar:

Drude Dahlerup (Danmörku) „From movement protest to state feminism: the Women's Liberation Movement and unemployment policy in Denmark.“  
Birgitta Holm (Svíþjóð) „Edith Södergran and the sexual discourse of the fin-de-siècle.“

Kerstin Westerlund-Shands „"Transcending gynocentric space": spatial metaphors in feminist theory and criticism.“

Ullaliina Lehtinen „Feelings are "patterns in the weave of our life" — not a basis for a feminist epistemology.“

Cecilie Høigaard „The victim as expert: active and captive.“

Þeir sem hafa áhuga á að gerast áskrifendur að ritinu geta skrifað Scandinavian University Press, PO Box 2959 Tøyen, N-0608 Oslo, Norge. Áskriftargjald er 160 norskar krónur á ári.

NORA, The Research Council of Norway, Secretariat for Women and Research, Sandakerveien 99, N-0483 Oslo, Norge, tekur á móti greinum til birtingar.

## FRÉTTIR AF RÁÐSTEFNUM

## Ný viðhorf í kvennasögu

Fjórða mót norrænna kvensagnfræðinga var haldið í Tampere í Finnlandi, dagana 27.-30. maí 1993. Þátttakendur voru nær sextíu, frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en eini Íslendingurinn var undirrituð. Fyrirlesarar voru tíu og auk þess störfuðu fimm vinnuhópar þar sem konur kynntu rannsóknir sínar. Bók með fyrirlestrum og greinargerðum úr vinnuhópum verður gefin út í samvinnu við háskólann í Helsinki.

Yfirskrift mótsins var KVINNO-HISTORIENS NYA UTMANINGAR. FRÁN SEXUALITET TIL VARLDSHISTORIA. Það útleggst til bráðabirgða: NÝ OG EGGJANDI VIÐHORF Í KVENNASÖGU. FRÁ KYNFERÐI TIL VERALDAR-SÖGU.

Umræður snerust mikið um kenningar en þó ekki síður um endurskilgreiningar hugtaka. Rauði þráðurinn eða meginþema mótsins var hin tvíþætta birting kvenleikans: annars vegar kvenlíkaminn sjálfur (líffræðileg), hins vegar kvenmynd, sniðin að óskum umhverfis eða stjórnenda (tilbúin). Með öðrum orðum: Hinn eiginlegi kjarni orðsins kona eða kvenkyns er sveipaður þykkum hjúp af félagslega skilyrtum aukamerkingum og hefðbundnum skírskotunum. Þessar umbúðir þarf að rífa í burtu og búa konum nýja mynd og sannari. Sum sé

aðskilja líffræðilegt kyn (biological gender) frá sögu-, félags- og menningarmótuðu kyni (historic-social-culturally constructed gender).

Það var Yvonne Hirdman, ýmsum kunn frá ráðstefnu í Skálholti vorið 1992, sem orðaði þessar niðurstöður í mótslok (og kann þó að vera að þýðinguminni sé ábótavant!). Yvonne benti einnig á margsannaða þrautseigju kvenna þrátt fyrir takmörkuð formleg völd, og taldi brýnt að rannsaka hvaða eigindir kvenna gerðu samt svo auðvelt að beita þær misrétti, menningarlega, efnahagslega og af hálfu stjórnvalda.

Aðrar fræðikonur fylgdu stefnu sem undanfarið hefur rutt sér til rúms, þar sem rein kvennasaga vikur fyrir sameiginlegri sögu beggja kynja (gender history). Í stað þess að slá því föstu að konur séu valdalaus fórnarlömb karlveldis hefur vaknað áhugi fyrir að kanna mótsagnakennt samspil karla og kvenna, þar sem ýmsum veitir betur og skoða nánar hvers kyns valdafléttur.

Yfirstandandi borgarastyrjaldir hafa beint athygli að styrkleik þjóðernis-tilfinninga, og síðan hvernig þær séu notaðar og af hverjum. Þannig rakti Annette Warring nýleg dæmi um hvernig karlar af einni þjóð beita konur ofbeldi í baráttu við aðra þjóð, til dæmis með skipulögðum nauðgunum

á konum óvinþjóðar eins og Múslimakonur í Bosníu hafa svo hörmulega mátt þola. Fullvissan um að þótt jarðarbúar séu ólíkir hljóti örlög okkar að verða sameiginleg hefur einnig vakið upp efasemdir um þá miklu yfirburði vestrænnar/hvítrar menningar sem lengi hefur verið hátt á loft haldið. Ida Blom kynnti veraldarsögu kvenna, sem hún hefur ritstýrt. Þar segir af konum af ólíkum kynþáttum og trúarbrögðum og verður þessu mikla verki lýst betur á öðrum stað í fréttabréfinu. Við sama tón kvað í erindi Catherine Hall sem nefndist „Dealing with Difference.“ Hún kennir við fjölþjóðlegan háskóla í Austur-London og hefur næmt auga fyrir fastheldni manna við það

þjóðarberg sem þeir eru brotnir af, eins og við raunar sjáum daglega í fréttum víðs vegar úr heiminum. „Jafningjar þrátt fyrir að við séum ólík“ — það er hugsjón sem ætti að gilda þjóða í milli, og eiga sér hliðstæðu í samskiptum karla og kvenna.

Allnokkur áhugi, ekki síst af hálfu norskra kvenna, ríkir fyrir nánari samvinnu norrænna rannsóknastofa um kvennafræði, en skortur á fjármunum og tíma er helsti þröskuldur í veginum. Fimmta og næsta mót um kvennasögu verður væntanlega haldið í Noregi 1996. Sigríður Th. Erlendsdóttir og undirrituð eru í undirbúningsnefnd. Nánar um það síðar. Að lokum: Mikill áhugi er fyrir að halda sjötta norræna kvennasögumótið árið 2000 — á Íslandi!

Inga Huld Hákonardóttir

## Norrænar kvennarannsóknir kynntar í Costa Rica

Alþjóðleg þverfagleg kvennaráðstefna var haldin í háskólanum í San José, höfuðborg Costa Rica, dagana 22.-26. febrúar s.l., sú fimmta í röðinni af kvennaráðstefnum um rannsóknir og kvennapólitík. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Haifa í Ísrael um áramótin 1981-82 að undirlagi Marilyn P. Safir, prófessors í sálarfræði við Haifa-háskóla, og annarra ísraelskra fræðikvenna. Ráðstefnan vakti mikla athygli, bæði í Ísrael og á alþjóðavettvangi, enda komu þar saman yfir 600 fræðikonur, ásamt nokkrum körlum, frá 36 löndum. Síðan hafa verið haldnar slíkar ráðstefnur þriðja hvert ár. Önnur ráðstefnan var haldin í Groningen í Hollandi 1984. Sú þriðja í Dublin 1987 og var stjórnandi hennar

engin önnur en Mary Robinson, núverandi forseti írsku lýðveldisins. Sú fjórða og fjölmennasta var haldin í júní 1990 í Hunter College í New York. Þar komu saman yfir 2000 þátttakendur frá 106 löndum.

Á ráðstefnunni í San José voru þátttakendur hátt á annað þúsund frá um 70 löndum. Ef til vill hefur fjarlægð og kostnaður dregið eitthvað úr aðsókn og tímasetningin á miðju kennslumisseri víðast hvar. Það var t.a.m. áberandi hversu fáir komu frá Evrópulöndum, eins og Bretlandi og Frakklandi, þar sem kvennarannsóknir standa með blóma. Engu að síður mátti finna fulltrúa frá öllum heimshornum, þ.á m. allmarga frá Austur-Evrópu og þróunarlöndunum, en skipuleggjendur ráðstefnunnar höfðu með góðum árangri reynt að tryggja

þátttöku kvenna frá hinum fátækari löndum heims með því að safna í sérstakan styrktarsjóð fyrir þær og leita til þátttakenda frá ríku löndunum og til ýmissa stofnana og samtaka sem starfa að því að bæta hag kvenna í þróunarlöndunum og styrkja stöðu þeirra, svo sem UNIFEM, DAWN o.fl. Framlag kvennanna frá þessum löndum á sviði rannsókna, þróttur þeirra, baráttugleði og baráttuvilji, var það sem mér þótti athyglisverðast og eftirminnilegast frá þessari ráðstefnu.

Ótalmargt annað var þar fróðlegt og áhugavert, enda fylla ágripin af ráðstefnuerindunum doðrant upp á næstum 700 blaðsíður, að vísu bæði í enskum og spænskum búningi. Þar kennir margra grasa og þar má sjá breiddina í kvennarannsóknum og hversu víðtæk hin feminíska endurskoðun á vísindunum er orðin, allt frá raunvísindum til hugvísinda og fagurfræði. En þó er áberandi að meginveitvangur flestra kvenna hvar sem er í heiminum, heimilið og fjölskyldan, er það rannsóknarefni sem

skipar stærstan sess. Það er einnig auglýsilegt að konur í kvennabaráttunni og kvennafræðum eru farnar að reskjast því margar eru að fjalla um öldrun, rosknar konur og gamlar konur.

Í því mikla framboði af vinnuhópum, fundum, hringborðsumræðum, gjörningum, listviðburðum og pólitískum aðgerðum, sem boðið var upp á, var samkeppnin um athyglina mikil og er vart hægt að segja að við, konur frá Norðurlöndum, vektum mikla athygli. En við vorum þar, m.a. samráðshópurinn um norrænar kvennarannsóknir, (að sænska fulltrúanum undanskildum), með tengilinn Solveigu Bergman í broddi fylkingar. Við gerðum grein fyrir kvennabaráttunni, stöðu kvenna og kvennarannsóknahver í sínu landi og kynntum samstarfið milli landanna á sviði kvennarannsóknna og kvennabaráttunnar, auglýstum *Noru*, buðum konum á Nordisk Forum 1994, kvöddum og sögð. — Sjúamst í Ástralíu 1996!

Guðrún Ólafsdóttir.

## VIÐURKENNING FYRIR KVENNARANNSÓKNIR

Til að efla rannsóknir á Íslandi og auðvelda ungum fræðimönnum að stunda vísindastörf tók Vísindaráð Íslands upp þá nýbreytni að veita fjórar rannsóknastöður í hug- og félagsvísindum. Eina af þessum stöðum hlaut dr. Rannveig Traustadóttir félagsfræðingur til að vinna rannsóknarverkefnið „Fjölskyldulíf og fötlun“ og mun hún starfa við Rannsóknastofnun Kennara-

háskóla Íslands næsta ár.

Rannveig Traustadóttir lauk doktorsnámi í stefnumótun og skipulagningu á málefnum fatlaðra við Syracuse University í New York fylki í Bandaríkjunum í október síðastliðnum. Doktorsritgerð hennar nefnist *Disability Reform and the Role of Women: Community Inclusion and*

*Caring Work* og fjallar um framlag kvenna til þeirra stefnubreytinga sem hafa átt sér stað í málefnum fatlaðra á síðustu tveim áratugum.

Við lok hvers skólaárs veitir Syracuse háskóli viðurkenningu fyrir framúr-

skarandi doktorsritgerðir sem lokið er á skólaárinu. Í maí síðastliðnum voru veittar viðurkenningar fyrir fimm ritgerðir af 170 sem lokið var á skólaárinu 1992-1993 og var ritgerð Rannveigar ein þeirra.

## KYNNING Á BÓKUM

### MÁTTUGAR MEYJAR Íslensk fornþókmennntasaga

eftir Helgu Kress

Íslenskar fornþókmennntir ná yfir um 500 ára tímabil. Í texta þeirra, myndmáli, frásagnarhætti og byggingu, má sjá þær breytingar sem verða frá heiðni til kristni, frá munnlegri skáldskaparhefð til ritmenningar, og um leið frá tiltölulega sterkri kvennmenningu til svo til allsráðandi karlveldis. Til þess að gera stofnað slíkt samfélag verða karlarnir að leggja undir sig bæði náttúruna og konur. Þannig er baráttu karla við sterkar konur eitt meginviðfangsefni íslenskra fornþókmennnta. Konur þessara bókmennta eru ekki frjálsar, eins og hefðbundin bókmenntasaga vill oft vera láta, en þær eru sterkar, og styrkur þeirra felst í því að þær neita að láta kúga sig. Það gera þær að mestu án árangurs, en andóf þeirra má sjá alls staðar í textanum, og er það jafnframt

einn helsti drifkraftur hans. Í ritinu er fjallað um ýmsa texta íslenskra fornþókmennnta, frá máttugum meyjum Grottasöngs, um fornaldarsögur og Íslendingasögur, til dróttkvæða og Sturlungu.

Bókin er myndskreytt, tæplega 200 blaðsíður, og skiptist í átta aðalkafla: Kvennamenning og karlveldi; Skáldskapur og seiður; Eddukvæði; Máttugar meyyjar; Bardaginn við tröllskessurnar; Uppreisn kvenna í sagnahefð; Konur í karlahefð dróttkvæða; Konan sem uppspretta skáldskapar og vermdari skálda. Háskólaútgáfan gefur út. Áskrifendur fréttabréfsins geta keypt bókina á forlagsverði á Rannsóknastofnu í kvennafræðum.

## KVINDER FRA URTID TIL NUTID

Ida Blom ritstýrði

Úter komið stórmyndarlegt rit eftir tíu norska og danska sagnfræðinga þar sem rakin er saga kvenna um heim allan. *Kvinder fra urtid til nutid 1-2*, Ritstj. Ida Blom. Höfundar fyrra bindis (fram til 1500): J.C. Meyer, E.M. Lassen, Sverre Bagge, Nanna Damsholt og Kari Vogt. Síðara bindis: Sölvi Sogner, Grethe Jacobsen, K. Vogt, Bente Rosenbeck og Ida Blom. Politikens forlag gaf út í Kaupmanna-höfn 1992.

Íritinu er sagt á aðgengilegan og alþýðlegan hátt frá lífi og starfi kvenna í ýmsum menningarheildum fram á vora daga. Á fyrstu blaðsíðu (af alls 800) er sagt frá elstu beinagrind af konu sem fundist hefur, og mun sú kynsystir okkar hafa alið aldur sinn í Eþíópíu fyrir þremur og hálfri milljón ára. Reis hún af fjórum fótum upp á tvo til að geta notað hendurnar til að hlúa að afkvæmum sínum og faðma karl sinn? Það vitum við ekki en sú staðreynd að ekkert dýr á sér lengri bernsku en maðurinn hefur löngum ráðið örlögum kvenna. Vettvangur þeirra hefur oftast verið heimili og húshald hver sem voru trúarbrögð, þjóðerni eða litarháttur. Svokallaðar „framfarir“ breyttu

þar minnstu. Þróun framleiðsluhátta þar sem vinna færðist út af heimilum fylgdi flóknari stjórnun, lagasetning og skrifræði sem leitaðist við að aðskilja opinbert líf og einkalíf — og halda konum heima við. Það dró úr formlegum möguleikum þeirra til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í samfélaginu öllu. Annars er efni verksins allt of yfirlýsingumikið til þess að rakið verði í stuttu máli. Lesandinn fær svipmyndir af ótal konum, nafnkenndum sem nafnlausum og eru fæstar þeirra norrænar. Framsetningin er heilleg, þrátt fyrir að höfundar séu margir, og lesendur eru ekki mataðir af yfirlýsingum heldur fá sjálfir að bera saman og draga ályktanir. Verkið ætti að nýtast þrýðisvel í tengslum við kennslu, enda efnið vissulega afrakstur af þrumum rannsóknum síðustu áratuga.

Samhliða dönsku útgáfunni kom önnur á norsku (hjá Cappelen), og hlaut í Noregi bókaverðlaun kennd við skáldskaparguðinn Braga. Í Noregi fylgdi raunar þriðja bindið, 100 blaðsíður um konur í þriðja heiminum eftir 1960.

I.H.H.

## NORDISK FORUM

Sunnudaginn 24. október næstkomandi kl. 13:00 verður opinn fundur á Hótel Borg þar sem Nordisk Forum 94 verður kynnt fyrir almenningi.

DAGSKRÁ RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM  
Á HAUSTMISSERI 1993

Rabb um rannsóknir og kvennafræði

**Priðjudaginn 28. september kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, segir frá bók sinni *Máttugar meyjar. Íslensk fornþekktasaga*. Bókin kemur út í lok september.

**Priðjudaginn 12. október kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Margrét Jónsdóttir félagsfræðingur fjallar um rannsóknir sínar á stöðu og hlutverkum kvenna í þremur trúarhópum á Íslandi.

**Priðjudaginn 26. október kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjallar um rannsóknir sínar á danska rithöfundinum Karen Blixen og hugmyndum hennar um sjálfsímynd.

**Priðjudaginn 9. nóvember kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Sæunn Kjartansdóttir hjúkrunarfræðingur og sálgreinir fjallar um lysterstol meðal kvenna og áhrif þess á sjálfsímyndina.

**Priðjudaginn 23. nóvember kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Verður auglýst síðar.

**Priðjudaginn 7. desember kl. 12-13 í stofu 311 í Árnagarði**

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur segir frá rannsókn sinni á verkakvennafélögum á Íslandi.

Opinberir fyrirlestrar

**Fimmtudaginn 2. desember kl. 17:15 í stofu 101 í Lögbergi**

Dr. Sigrún Júlíusdóttir lektor í félagsráðgjöf flytur fyrirlestur sem nefnist *Íslenskar fjölskyldur— hvað heldur þeim saman? Rannsókn um lífsmynstur og menningararf.*

Nú er annað fjárhagsár fréttabréfsins að hefjast. Áskriftargjald, sem er aðeins 500 krónur á ári, hefur ekki heimst vel. Við vonum að úr því rætist þannig að þeir sem vilji vera á póstlista stofunnar greiði árgjaldið sem fyrst. Greiðsluna má senda í pósti (ávísanir skulu stílaðar á Rannsóknastofu í kvennafræðum) eða inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni.

**Rannsóknastofa í kvennafræðum**  
er opin fyrir hádegi  
alla virka daga nema fimmtudaga  
síminn er 69 45 95

Rannsóknastofa í kvennafræðum  
Sumarhöll  
Háskóli Íslands  
101 Reykjavík